



Borgarráð

Deilibílar - Úthlutunarreglur og gjaldskrá

Óskað er eftir að borgarráð heimili skrifstofa eigna og atvinnuþróunar, samgöngustjóra og Bílastæðasjóði að vinna úthlutunarreglur og verðskrá vegna stæða undir deilibílaeigum í Reykjavík.

Greinagerð:

Í maí 2015 lauk starfshópur um hjólaleigur og deilibíla störfum og lagði fram tillögur um næstu skref.

Þegar hafa verið gerðir samningar um afnot af borgarlandi undir hjólaleigu.

Í febrúar 2017 samþykkti borgarráð að farið yrði í samkeppnisviðræður um mögulegan rekstur á deilibílaþjónustu í Reykjavík. Síðan þá hafa starfsmenn borgarinnar skoðað nánari útfærslur á slíkum viðræðum. Niðurstaða þeirrar vinnu er að of flókið sé að bjóða út heildarpakka sem feli í sér bæði úthlutun á stæðum og kaup á aðild að deilibílaþjónustu fyrir starfsmenn.

Því er lagt til að verkefninu verði skipt upp í tvo áfanga: Annars vegar, útfærslu á úthlutun bílastæða á borgarlandi og/eða í bílastæðahúsum undir rekstraraðila deilibílaþjónustu og hins vegar samning um áskrift að deilibílaþjónustu fyrir borgarstarfsmenn.

Gerðar verða verklagsreglur um úthlutun stæða og samhliða því gefin út verðskrá. Þannig munu allar deilibílaþjónustur, sem þess óska, geta fengið úthlutað stæði undir deilibílaþjónustu á gjaldskrárverði, gegn því að standast ákveðnar gæðakröfur sem verður lýst í verklagsreglum.

Verklagsreglur og verðskrá verða lögð fyrir umhverfis- og skipulagsráð til samþykktar.

Samhliða þessari vinnu verður áfram unnið að skoðun á möguleikum starfsmanna Reykjavíkurborgar til að nýta sér deilibíla við vinnu.

Hrólfur Jónsson

